

Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Skólanefnd Framhaldsskóla – 132. fundur 23. maí 2012, kl 15:00.

Mætt: Elliði Vignisson formaður, Ólafur Elísson, Sveinn Magnússon, Gunnar Friðfinnsson, Tómas Jóhannesson og Ólafur H. Sigurjónsson.

Formaður setti fund og fundargerð síðasta fundar var samþykkt.

1. Skólastarfið: Skólameistari dreifði skýrslu um skólastarfið á vorönn 2012. Þar var meðal annars greint frá að 29. febrúar hófust svokallaðir *skapandi dagar*, er áður kölluðust *opnir dagar*. Nú voru nemendur virkjaðir í ýmis skapandi verkefni. Má þar nefna námskeið í kökuskreytingum, tónlist, myndlist, ljósmyndun, kvíkmyndagerð o.fl. Þátttaka nemenda var yfirleitt mjög góð og gerðu þeir góðan róm að breyttum áherslum. E.t.v. á það sinn þátt í jákvæðninni að 90% mæting og þátttaka í hópastarfinu er metin til einnar námseiningar. Skapandi dögum lauk síðan að kveldi föstudags 2. mars með glæsilegri árshátið. Kennslu lauk 30 apríl, próf hófust 2. maí. Skólaslit og útskrift var 19. maí. Stúdentar voru 18, vélstjórar 4 og einn sjúkraliði. Fjöldi nemenda við upphaf annarinnar voru 253. Svo einsog jafnan varð nokkur fækkan, þannig að til prófa gengu 227 nemendur. Hlutfallslega skiptast nemendur á námsbrautir með mjög svipuðum hætti og við eignum að venjast. Félagsfræðibrautin fjölmennust með 36% nemenda, náttúrufræðibraut með tæp 30% og almenn námsbraut 13%. Í fjölda koma næstar vélstjórnarbraut og grunndeild rafiðna. Mannabreytingar frá haustönn voru ekki stórkostlegar. Með nýjum hópi á grunndeild rafiðna snéri Guðjón Jónsson frá Látrum aftur til kennslu verklegra greina á brautinni. Guðbjörg Sigurgeirs dóttir, íslenskukennari og blaðamaður, bættist og í hóp kennara um áramótin er hún tók að sér kennslu í einum áfanga. Á önninni var framhaldið undirbúningi undir verkefnið *heilsueflandi framhaldsskóli*. Þar er um að ræða fjögurra ára ferli eftir undirbúningsárið sem nú er að ljúka. Næsta vetur verður áhersla lögð á næringu, síðan verður hreyfingin undir, þá geðrækt og lokslífsstíll. Einnig var unnið áfram að því að taka upp *frjálsann hugbúnað*. Gerum við okkur góðar vonir um að hefja nýtt skólaár með slíkan búnað innanborðs og enda er slíkur hugbúnaður okkur að kostnaðarlausu. Erlendu samstarfi var framhaldið þegar 10 nemendur og tveir kennarar fóru til Lettlands undir lok marsmánaðar. Létu menn vel af heimsókninni og vakti það mjög athygli a.m.k. sumra ungemannana hversu efnisleg lífskjör þar eru minni en okkar. Sem oftast áður þá tóku nemendur okkar þátt í framhaldsskólakeppnum. Náðu þokkalegum árangri í Gettu betur þegar þeir komust í aðra umferð. Í Söngvakeppni framhaldsskólanna komst Hjörtur Friðriksson í úrslitakeppnina.

2. Ráðningar kennara: Gísli Eiríksson, Þorbjörn Númason, Radinka Hadzic, Elín Jóhannsdóttir, Guðjón Jónsson og Guðný Bjarnadóttir, sækja um endurráðningu. Skólanefnd samþykkti einróma að ráða þau áfram.

Aðrir sem sóttu um störf voru:

Brynjar Kristjánsson: Sækir um málmsuðu. Stefán Birgir Sigtryggsson sækir um rafgreinar. Jón Egill Unndórsson sækir um rafmagnsfræði, efnafraði og stærðfræði.

Sara Pálsdóttir opin umsókn. Anna Rós Hallgrímsdóttir sækir um stærðfræði.

3. Önnur mál: Rætt var um íþróttakademíu FÍV og ÍBV, sem gengur vel og nýja listaakademíu sem fer af stað í haust. Spurt var um dreifnám vélstjóra.

Fleira var ekki gert

Ólafur H. Sigurjónsson

*Samþykkt 21.11.2012
Ólafur H. Sigurjónsson*